



Erindisbréf fyrir stýrihóp um verkefnið Heilsueflandi samfélag á Hornafirði

Sveitarfélagið Hornafjörður er aðili að Heilsueflandi samfélagi og leik- grunn- og framhaldsskóli eru allir heilsueflandi skólar.

Ábyrgðaraðilar

Fræðslu- og tómstundanevnd

Skipan í stýrihóp

Í stýrihóp eiga sæti fulltrúar leik- grunn- og framhaldsskóla, fulltrúi HSU, félagsþjónustu, Ungmennaráð, Umf. Sindra, foreldrafélags grunnskólans, félags eldri Hornfirðinga

Hlutverk

1. Í Heilsueflandi samfélagi er unnið markvisst lýðheilsustarf með lýðheilsuvísa, gátlista og önnur viðeigandi gögn til að meta stöðuna með tilliti til þarfa íbúa á öllum æviskeiðum og forgangsraða í samræmi við þá greiningu. Unnið er heildstætt með áhrifaþætti heilbrigðis og er meginmarkmið starfsins að skapa umhverfi og aðstæður sem hvetja íbúa til heilbrigðra lífnaðarháttanna og stuðla að góðri heilsu og vellíðan allra íbúa.
2. Almennar og sértækar forvarnir er einnig áhersluþáttur í vinnu stýrihópsins.
 - **Almennar forvarnir** - boðið er upp á fræðslu og ýmsa viðburði til að hvetja og vekja íbúa til umhugsunar um heilbrigða lífshætti, unnið gegn hvers kyns fordómum og hvatt til þess að almennum reglum s.s. um aldurstakmörk og útivist sé fylgt.
 - **Sértækar forvarnir** beinast að ákveðnum hópum eða sviði með því m.a. að aðstoða við að draga úr neikvæðri birtingarmynd hegðunarvanda, draga úr eða koma í veg fyrir neyslu, bæta umferðarmenningu o.fl.

Helstu verkefni

- Gera tillögu um lýðheilsustefnu/heilsueflandi stefnu/heilsustefnu Hornafjarðar.
- Vinna aðgerðaráætlun í samræmi við stefnu um Heilsueflandi samfélag. Aðgerðir skulu vera tímasettar, kostnaðarmetnar og ábyrgðaraðilar tilgreindir.
- Halda uppi virku upplýsingastreymi og kynningum um Heilsueflandi samfélag á heimasíðu sveitarfélagsins.
- Vinna og kynna ársskýrslu Heilsueflandi samfélags á Hornafirði.

Starfsrammi:

- Stýrihópurinn hefur ekki fjárhagslega og/eða stjórnumarlega ábyrgð.
- Stýrihópurinn heldur fundi eftir því sem þörf krefur.
- Stýrihópurinn skal halda gerðarbók. Um fundarsköp og fundarritun fer eftir samþykkt Sveitarfélagsins Hornafjarðar og um fundarsköp bæjarstjórnar eftir því sem við á.
- Fundargerðir stýrihópsins skal leggja fyrir fræðslu- og tómstundanevnd til umfjöllunar.



- Tómstundafulltrúi er málsvari og starfsmaður hópsins.
- Velferðarteymi er bakhjarl tómstundafulltrúa honum til ráðgjafar og stuðnings.

Ráðgjöf og samstarf

Starfshópurinn getur leitað ráðgjafar eftir þörfum hjá þeim sem hafa sérþekkingu eða reynslu af viðfangsefni hópsins á hverjum tíma. Kostnaður vegna slíkrar vinnu skal rúmast innan fjárhagsáætlunar hverju sinni. Aukafjárveitingar eru samkvæmt reglum sveitarfélagsins um gerð viðauka.

Starfstími og verklag

- Stýrihópurinn skal starfa samkvæmt reglum sveitarfélagsins um starfshópa. Ritaðar skulu fundargerðir, þar sem fram koma helstu ákvarðanir, verkefni sem unnin skulu á milli funda og annað það sem máli skiptir fyrir störf hópsins.
- Stýrihópurinn fundar að jafnaði einu sinni í mánuði eða eftir þörfum.
- Tómstundafulltrú annast eftirfylgni mála á milli funda.
- Stýrihópurinn er ólaunaður.

Starfstímabil

Stýrihópurinn starfar frá febrúar 2020 og er starfandi svo lengi sem samningur er í gildi milli Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Embættis landlæknis um Heilsueflandi samfélag.

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 19. mars 2020.

Matthildur Ásmundardóttir
Bæjarstjóri